

## FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2021, mánudaginn 13. desember, var haldinn 49. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 15.09. Fundinn sat: Sabine Leskopf. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar varðandi fjarfundaheimild: Hildur Björnsdóttir, Shelagh Smith, Christina Anna Milcher og Renata Emilsson Peskova. Elísabet Pétursdóttir ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf Sameykis dags. 2. desember 2021, þar sem fram kemur að Christina Anna Milcher tekur sæti sem fulltrúi Sameykis í fjölmeningarráði í stað Nick Ward. R21010114
2. Lagt fram til upplýsingar fundadagatal fjölmeningarráðs vor 2022. R21010113
3. Lögð fram umsögn fjölmeningarráðs dags. 22. nóvember 2021, um drög að aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2021-2023. R2101020
4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra og borgarritara dags. 7. desember 2021, með umsagnarbeiðni til fjölmeningarráðs um atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til 2030.  
Samþykkt að fela Sabine Leskopf að vinna drög að umsögn um stefnuna í samvinnu við fjölmeningarráð, fyrir næsta fund ráðsins þann 10. janúar 2022.
- Kl. 15.20 tekur Renata Emilsson Peskova sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.
5. Lögð fram svör menningar- og ferðamálasviðs dags. 8. desember sl., umhverfis- og skipulagssviðs dags. 17. nóvember sl., fjármála- og áhættustýringarsviðs 5. nóvember sl. og þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 15. nóvember sl., við fyrirspurn fjölmeningarráðs um íslenskukennslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar, sbr. 6. lið fundargerðar fjölmeningarráðs frá 8. nóvember 2021.

### Fundi slitið kl. 15:42

Sabine Leskopf

Renata Emilsson Peskova